



# VERKLAG VIÐ SJÚKRAFLUTNINGA NÝBURA Á ÍSLANDI

Þegar nýburi, sem fæðist utan Landspítala, þarf á frekari meðferð á að halda, skal í öllum tilvikum hafa samband við vakt hafandi **nýburalækni á Vökudeild Barnaspítala Hringingsins, sími 825 3536**, til ráðgjafar um meðferð og skipulagningu flutnings.

Æskilegt er að eftirfarandi upplýsingar komi fram í upphafi samtals, ef aðstæður leyfa:

## Staða:

Hver hringir, starfsheiti, hvaðan er hringt.  
Meðgöngulengd, fæðingarstund og hvert er megin vandamálið.

## Bakgrunnur:

Nafn móður og kennitala, vandamál á meðgöngu og í fæðingu, fæðingarmáti, lyfjameðferð móður, þyngd barns og Apgar, meðferð barns við fæðingu.

## Athuganir:

Lífsmörk, einkenni frá öndunarfærum og/eða blóðrás, inngrip, helstu niðurstöður rannsókna ef við á. Öndunarstuðningur, næringar-/vökvagjöf, æðaleggir, taugakerfi (tónus, krampar).

## Ráðleggingar:

Við lok samtals þurfa að liggja fyrir ráðleggingar um áframhaldandi meðferð barnsins og hvort heilbrigðisstarfsmaður tilvísandi sjúkrastofnunar eða Sjúkraflutningateymi Vökudeildar sjá um flutning þess. Að öllu jöfnu sér Sjúkraflutningateymið um flutninginn.

## Skipulag flutnings:

Tilvísandi læknir og sérfræðingur Vökudeildar ákveða í sameiningu hvernig flutningur fer fram (sjúkrabíll, sjúkraflugvél eða þyrila) og hvor hringir í Neyðarlínuna (112) og pantar flutning. Starfsmaður Neyðarlínunnar sér síðan um að virkja viðeigandi flutningsaðila.